

Ed. **359. Frumvarp til laga** [186. mál]
um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974—75)

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán í Danmörku að upphæð allt að 25.5 millj. danskarskrónur, vegna smiða á varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Með þingsályktun hinn 16. desember 1972 var ríkisstjórninni heimilað að stofna til byggingar eða kaupa á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna. Eftir að athugun hafði farið fram og leitað hafði verið tilboða, var að lokum samningur gerður við Århus Flydedok A/S í Danmörku um smiði á varðskipinu. Smiðaverð skipsins er samkvæmt samningi d.kr. 29 642 000.00, og skyldi seljandi útvega lán fyrir 80% andvirðisins hjá Danmarks Skibskreditfond til 8 ára. Við þann hluta, sem lán er veitt til, bætist enn fremur kostnaður vegna viðbótarverka, sem ákveðin voru eftir samningsgerðina, aðallega ýmiss konar búnaður. Verður sá hluti smiðaverðsins, sem lán verður veitt fyrir alls að upphæð eitthvað yfir 25 millj. og 300 þús. danskarskrónur. Varðskipið verður afhent um mánaðamótin febrúar—mars 1975, en að því búnu ber að ganga frá lántökunni. Er því leitað lántökuheimildar, svo sem í lagafrumvarpi þessu greinir.